



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 480 8220 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Ah 1A/B
17. nóv. 2011
11. 25. 2
Tilv. UST20110800058

Selfossi, 15. nóvember 2011

1110027HS EI

**Efni: Umsögn um drög að starfsleyfi Til handa ORF liftækni.**

Með bréfi dags. 13. október sl., ásamt fylgigönum, óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurlands á drögum að starfsleysi til handa ORF Liftækni hf., til ræktunar á erfðabreyttu byggi í tilraunagróðurhúsi Lbhí að Reykjum, Ölfusi.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 27. október sl. og eftirfarandi bókað:

*„Heilbrigðisnefnd Suðurlands áréttar að varlega sé farið við starfsemi af þessu tagi og tryggt skuli að erfðabreyttar lifverur berist ekki í umhverfið. Starfsmönnum falið að gefa umsögn í samræmi við umræðu á fundinum. „*

Um leið og ofangreind bókun tilkynnist hér með er eftirfarandi umsögn HES vegna draganna.


1. Í drögunum er gert ráð fyrir að strarfsemin falli í afmörkunarflokk nr. 1, þe. vægasta flokk. Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur eðlilegt að rök fyrir þeirri flokkun komi fram í starfsleyfinu eða amk. með fylgigönum þess og þannig send út til umsagnar, um leið og starfsleyfisdrögin. Ekkert í starfsleyfisskilyrðunum skýrir þessa flokkun en að mati nefndarinnar geta afmörkunarráðastafanir í þeim flokki verið ófullnægjandi fyrir umhverfið.
2. Lagt er til að hin valfrjálsu ákvæði í afmörkunarflokk I, viðauka 2 í rgl. 276/2009 verði ekki valfrjáls heldur skilyrt.
3. Í grein 2.1 kemur fram krafa v/fráveitna um „*dauðhreinsun með viðurkenndum aðferðum*“ og gerð krafa um að jarðvegssía verði sett á fráveitu til að uppfylla ofannefnt ákvæði um dauðhreinsun. Að mati HES uppfyllir slik jarðvegssía (eða annar útbúnaður sem síar frá byggfræ) ekki kröfu reglugerðarinnar um dauðhreinsun fráveitunnar.
4. Í grein 2.4 kemur fram að hefta skuli útbreiðslu erfðabreyttra lífvera samkvæmt „*sérstakri áætlun*“ og „*miðað skal við að tryggt sé*“ að engra áhrifa gætir utan gróðurhússins. Lögð er til breyting á orðalagi þess eðlis að „*tryggt skuli*“ að engra áhrifa gæti utan gróðurhússins. Jafnframt er óljóst hver skuli leggja fram hina „*sérstöku áætlun*“,- starfsleyfishafi eða starfsleyisútgefandi?



5. Í grein 2.5 koma fram afmörkunarráðstafanir og vill HES áréttu töluliði 1-3 hér að ofan í því sambandi. Jafnframt telur HES til að almennt orðalag um „*sem minnst af lifverum*“ sé óheppilegt og óskýrt. Lagt er til að sett verði í staðinn inn skilyrði um búnað til að tryggja að útslepping lífvera eigi sér ekki stað.
6. Grein 3.1 í drögunum fjallar um vinnudagbók rekstraraðila. Í 5. punktlið er varðar úrgang má bæta við skráningum um hvert úrgangur er sendur til endanlegrar brennslu, eða förgunar ef um spilliefni er að ræða.
7. Í grein 3.3 kemur fram að framkvæma skuli viðeigandi prófanir og viðhald á varnabúnaði og tækjum. Upplýsingar/kröfur um varnabúnað er að öðru leyti ekki skilgreindar, fyrir utan jarðvegssiu fráveitu.

Um leið og ofangreind umsögn er hér með send er afstaða Heilbrigðisnefndar Suðurlands áréttuð um að varlega sé farið við starfsemi af þessu tagi og lögð áhersla á að tryggt skuli að erfðabreyttar lifverur berist ekki í umhverfið.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

  
Elsa Ingjaldsdóttir  
framkvæmdastjóri